

SÉRNÁMSHANDLEIÐARI

Hlutverk handleiðarar er að styðja, leiða og fylgja eftir námsframvindu sérnámslæknis.

Sérnámshandleiðari þarf að:

- Þekkja **marklýsingu** námsins, **ákvörðunartól** og **námsframvinduáætlun** sérnámslæknis.
- Þekkja **matsblöð** námsins (mini-CEX, DOPS, CbD, 360 gráðu mat, heildarmat sérfræðings á námslækni) og fylgja eftir að þau séu notuð.
- Hvetja til aukinnar faglegrar **þekkingar** með lestri bóka, tímarita m.m.
- Meta þörf á **námskeiðum** eða **þingum** sérnámslæknis.
- Hvetja til **rannsóknarvinnu** og **þróunarverkefna**.
- **Taka stöðuna** - Hvernig gengur sérnámið? Hvernig gengur hjá þér í starfi? Samstarfsörðugleikar? Hvernig gengur að samræma vinnu og einkalíf? m.m.

HANDLEIÐARASAMTAL

Handleiðarasamtöl skulu haldin a.m.k. fjórum sinnum á ári að frumkvæði sérnámslæknis. Sérnámslæknir heldur utan um og skráir niðurstöðu fundar.

- Markmið fundar: Ákveða fyrirfram hvað á að ræða.
- Fylgja eftir niðurstöðum síðasta fundar stuttlega.
- Vandamál (skurðstofu, vakt, deild, göngudeild, lestur, samvinna m.m.).
- Hvernig á að leysa vandamálið? Tímarammi fyrir úrlausn.
- Taka saman niðurstöður fundar.
- Bóka næsta fund (dagsetning, markmið fundar).

Skammstafanir

- mini CEX - mini clinical evaluation exercise
- CbD - case-based discussion
- DOPS - direct observation of procedural skills